

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði — uppsteypt hús — er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 390,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrir en notandi hefur greitt skrifstofu rafveitunnar kr. 390,00.

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 418, 24. ágúst 1987.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

## II. KAFLI

## 3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**Orka og vatnsmagn H490.**

*Til hitunar á íbúðarhúsnæði.*

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,95 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 17,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kW og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári.

**Orka og vatnsmagn H499.**

*Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.*

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,95 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 17,30.

**Orka H498.**

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400 000 kWh/ári.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,56 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 13,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

**Vatnsmagn I480.**

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 90,20.

**Hemill I489.**

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 1 750,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við orkubúíð.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

## 4. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

## 5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli, í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

## 6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 620,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 240,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

## III. KAFLI

## 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 412, 24. ágúst 1987.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*